



Vökvabólurannsóknir - Framvinda fagverksins frá byrjun til ársloka

Guðmundur Ómar Friðleifsson

Greinargerð GÓF-87-02

VÖKVABÓLURANNSÓKNIR - FRAMVINDA FAGVERKSINS FRÁ BYRJUN TIL ÁRSLOKA 1986

Tæki til vökvabólurannsókna var pantað í lok árs 1984. Tækið sem er í eigu HSP kom til landsins snemma árs 1985. Því var valinn staður hjá BHJ-deild, sett upp um mitt ár 1985 og gert tilbúið til notkunar, þó gera þyrfti minniháttar breytingu í rafkerfi hússins síðar. Óformlegur undirbúningur að þjálfun í þunnsneiðagerð hófst samtímis. HSP leggur ríka áherslu á að kunnátta sé til staðar, svo unnt sé að þjálfa styrkþega HSP í vökvabólurannsóknum, sem beitt er í auknum mæli við jarðhitarannsóknir víðast hvar. Sjö vikur voru áætlaðar í verkið 1985 til að koma tækinu í gagnið. Einungis tókst þó að ná tveim vikum sökum gífurlegra anna sem einkennt hafa störf BHJ-deildar um árabíl.

Árið 1985 voru boraðar 7 háhitaholur fyrir HR á Nesjavöllum og Kolviðarhóli, auk borana í öðrum jarðhitasvæðum sem deildin sinnti. Auk þess voru þrír styrkþegar í umsjón deildarinnar 1985. Endanlegur fjöldi borhola sem HR t.d. lét bora 1985 varð ekki ljós fyrr en seint á árinu.

Árið 1986 fór verkefnisstjóri í fagverkinu fram á að u.þ.b. 30 vikna vinnuframlagi yrði varið til vökvabólurannsókna, þar af um 20 á verkefnisstjóran og um 5 í þunnsneiðagerð. Snemma árs 1986 var ljóst að ekki yrði unnt að verða við þeirri beiðni því að enn sem fyrr lágu mikil og mörg verk fyrir dyrum BHJ-deildar einkum í söluverkum vegna nýborana og skýrslugerð frá árinu áður. Jafnframt hafði starfsmönnum deildarinnar fækkað um einn er ÁES hvarf til annara starfa. Einnig kom í ljós að fáir gátu leyst HÁ af hólmi refjalaust við gífurlegan undirbúning WRI-rástefnu um sumarið nema einn af starfsmönnum BHJ-deildar (ÓBS). Yfirdeildarstjórar skáru því niður eða skertu flest fagverk af BHJ-deild, þar á meðal vökvabólurannsóknir um 50%. Er verkefnaáætlun loks lá fyrir seint að vori varð ljóst að ekki gekk saman, þar sem mörg verk þyrfti að vinna samtímis. Þannig varð ljóst að GÓF varð að sinna styrkþega HSP í stað HF og gerð var ítarleg tilraun af beggja hálfu ásamt IBF að verkefnamatrixu yrði breytt í samræmi við það. Lauk málinu með munnlegu samkomulagi - sem virtist svo löngu gleymt í byrjun árs 1987. GÓF vann hins vegar 8 vikur við HSP í stað 2 á áætlun og rúmar 4 vikur í fagverkinu í stað 10, enda kröfðust önnur verk skjótra úrlausna ýmist vegna samninga milli OS og verkkaupa, eða annara tímamarka. Þjálfun í þunnsneiðagerð BB dróst jafnframt á langinn vegna veikinda hennar.

Í lok árs 1986 var ljóst að einungis hafði náðst að vinna upp í áætlað vinnuframlag ársins á undan, eða u.þ.b. 7 vikur sérfræðings. Framgangur vökvabólurannsókna var því þegar orðinn einu ári á eftir áætlun. Í lok nóvember 1986 fór því verkefnisstjóri fram á að 6-12 mánuðum yrði varið til rannsóknanna af hálfu BHJ-deildar 1987, enda fyrirsjáanlegur slaki í nýborunum. Þar sem áætlun ársins 1987 lá ekki fyrir, var boðið upp á samkomulag um 1-5 mánaða vinnuframlag auk vinnu verkefnisstjóra, enda samningalipurð BHJ-deildarinnar rómuð á öllum tímum árs.

BHJ-deildin hefur um árabíl beðið þess að tóm gæfist til eðlilegrar þróunar fagsviðsins sem að stórum hluta gerist í fagverkefnum. Á sama tíma hefur BHJ-deildin aflað OS mikilla tekna í söluverkum. BHJ-deild má þó trúlegast sjálfri sér um kenna hversu illa hefur gengið að sinna eðlilegri fagþróun á deildinni á undanförunum árum. Nú, þegar loks gefst tóm frá söluverkum, er vegið alvarlega að deildinni með áformum um fækkun sérfræðinga í ljósi tilbúins verkefnaskorts. Til að mynda eru áætlaðar 6 vikur á deildina til vökvabólurannsókna í stað umbeðinna 26-52, og þar með kippt fótunum undan eðlilegum framgangi verksins. Önnur fagverk eru ýmist fótum troðin eða sparkað út.

Vel má vera að skálmöld sé uppi og vargöld í vændum. Borholujarðfræðideildin unir því hins vegar ekki að starfsmönnum sé fækkað í skjóli tilbúins verkefnaskorts. Því er farið fram á að eðlilegur framgangur fagverkefna deildarinnar sé tryggður með forgangi vinnuframlags í fagverkin. Lögð er áhersla á að eitt höfuðmarkmið með því fagverki sem hér er fjallað um er fyrst og fremst að bæta þjónustu við Hitaveitur af öllu tagi, auk þess sem deildin hefur ábyrgð að sinna við HSP sem ekki má verða eftirbátur Nýsjálendinga eða Ítala á þessu sviði fremur en öðrum.



Guðmundur Ó. Friðleifsson